

175 6. nóv. Þjer áður höfðuð látið í ljósi við umræðurnar á alþingi, að lögin hafi enga breytingu gjört á skyldum presta til að greiða af tekjum prestakalla sinna eptirlaun þau, sem af þeim bar að greiða samkvæmt eldri lögum, og áður en þessi lög öðluðust gildi.

Út af þessu skal eigi undan fellt að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að lög þessi eigi að skiljast á þann hátt, sem þjer hafið tekið fram.

176 18. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um lán til að byggja barnaskólahús.* — Til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigöndum skal yður, herra amtmaður, þjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi hefi veitt nefndum hreppi úr viðlagasjóði 1000 kr. lán gegn 4% ársvöxtum til að byggja barnaskólahús, og hefir hlutaðeigandi sýslunefnd veitt samþykki sitt til slíkrar lántöku samkvæmt 26. gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872. Lán þetta skal ávaxtað og endurborgað með 6% á ári hverju af hinni upprunalegu upphæð þess.

177 19. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um verðlaun handa jarðyrkjumanni.* — Samkvæmt tillögum meiri hluta amtsráðsins samþykkist þjer með, að 250 kr. af hluta suðurumdæmisins af fje því, er með 9. gr. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði, megi greiðast jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal sem verðlaun fyrir að innleiða skotska ljái í landið.

Þetta er þjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og sendi jeg yður þjer með jarðabókarsjóðsávísun á nefnda upphæð.

178 20. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um flutning á þingstað.* — Áður en meira er gjört út af brjefi yðar, herra amtmaður, frá 5. þ. m. um, að hvor hinna nýju hreppa, er Álptaneshreppi í Gullbringusýslu 17. september 1878 var skipt í, verði gjörður að sjerstakri þingsókn, annar með þingstað í Hafnarfirði, hinn með þingstað á Bessastöðum, bið jeg mjer skýrt frá, hvort hreppsnefndin í Bessastaðahreppi sje fús á að taka að sjer skuldbindingu til að sjá um, að eptirleiðis verði til taks rúmgott og óaðfinnanlegt þinghús á Bessastöðum, og hvort eigandi þessarar jarðar samþykki, að slík kvöð verði lögð á jörð hans um aldur og æfi.

Að öðru leyti vil jeg taka fram, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að þjer, herra amtmaður, samþykkið samkomulag milli hins núverandi eiganda Bessastaða og hlutaðeigandi hreppstjóra og hreppsnefndar um, að framtalsþing og önnur hreppsþing verði haldin um lengri eða skemmri tíma á Bessastöðum; sömuleiðis álit jeg það hentugt með tilliti til skattheimtunnar og fullkomlega leyfilegt fyrir sýslumann að halda aukamantalsþing á Bessastöðum. Að því er aptur á móti snertir skipting á Álptanessþinghá, sem rjettarþinghá, þá virðist þetta varla geta átt sjer stað, öðruvísi en með lögum.

179 2. des. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um sparísjóð í Höfðahverfi.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi